

REGLUGERÐ

um leirhluti sem er ætlað að snerta matvæli.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um flæði blýs og kadmíums úr leirhlutum í matvæli þegar um er að ræða leirhluti sem er ætlað að snerta matvæli.

2. gr.

Skilgreiningar.

Leirhlutur: Hlutur sem fæst þegar blanda af kísil og leir er hert í eldi. Í blöndunni geta einnig verið lífræn efni í litlu magni. Leirhluti má glerhúða, smelta og skreyta.

Hermir: Efni eða efnablanda notað til að líkja eftir áhrifum matvæla á leir.

3. gr.

Flæðimörk.

Flæði blýs og kadmíums, sem mælist þegar aðferðinni sem lýst er í viðauka I og II er beitt, skal ekki fara yfir neðangreind flæðimörk:

Flokkur		Blý (Pb)	Kadmíum (Cd)
1.	Ílát sem ekki er hægt að fylla og ílát sem hægt er að fylla og sem eru allt að 25 mm djúp	0,8 mg/dm ²	0,07 mg/dm ²
2.	Ílát, djúpri en 25 mm	4,0 mg/l	0,3 mg/l
3.	Eldunaráhöld, ílát til þökkunar eða geymslu sem rúma meira en 3 lítra	1,5 mg/l	0,1 mg/l

Fari flæðið ekki meira en 50% yfir ofangreind mörk telst leirhluturinn uppfylla kröfur þessarar reglugerðar ef að minnsta kosti þrjár sams konar hlutir eru prófaðir eins og meðaltalsmagnið af útdregnu blýi og/eða kadmíum reynist ekki yfir settum mörkum og enginn þeirra fer meira en 50% yfir mörkin.

Ef leirilátum fylgir leirlok skulu ílátið og lok þess mæld í sitt hvoru lagi. Summa þeirra mæligilda sem þannig fást skal miðuð við rúmmál eða yfirborðsflatarmál ílátsins eftir því sem við á og má ekki fara yfir ofangreind flæðimörk.

4. gr.

Skrifleg yfirlýsing.

Leirhlutum sem er ætlað að snerta matvæli skal frá markaðssetningu til og með smásölu fylgja skrifleg yfirlýsing í samræmi við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli.

Skriflega yfirlýsingin skal gerð af framleiðanda vörunnar eða seljanda á Evrópska efnahagssvæðinu og í henni skulu koma fram þær upplýsingar sem fjallað er um í viðauka III við þessa reglugerð.

Framleiðendur og/eða innflytjendur skulu geta framvísað til eftirlitsaðila viðeigandi gögnum sem sýna að flæði blýs og kadmíums sé innan þeirra marka sem sett eru í 3. gr. Í

gögnunum skulu koma fram niðurstöður greininga, upplýsingar um hvernig greiningar voru framkvæmdar ásamt nafni og heimilisfangi rannsóknarstofunnar sem framkvæmdi þær.

5. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum um matvæli, nr. 93/1995, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipun framkvæmdarstjórnarinnar nr. 2005/31/EB frá 29. apríl um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 84/500/EEB að því er varðar „skriflega yfirlýsingu“ og framkvæmd rannsókna aðferða á leirhlutum sem ætlað er að snerta matvæli sem vísað er til í 4. tölul. XII. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði og breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141 frá 2. desember 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um leirhluti sem ætlað er að snerta matvæli, nr. 527/1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vegna innflutnings og framleiðslu á leirhlutum sem er ætlað að snerta matvæli og ekki eru í samræmi við 4. gr. við gildistöku þessarar reglugerðar er veittur frestur til 20. maí 2007 til að uppfylla ákvæði hennar.

Umhverfissráðuneytinu, 16. maí 2006.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI I
Grundvallarreglur til að ákvarða flæði blýs og kadmíums.

1. Prófvökvi (hermir).

4% (v/v) ediksýra, í nýlagaðri vatnslausn.

2. Prófunarskilyrði.*2.1.*

Prófið fer fram við $22 \pm 2^\circ\text{C}$ hita í $24 \pm 0,5$ klst.

2.2.

Þegar blýflæði er ákvarðað er breitt yfir sýnið viðeigandi hlífðarefni og það sett undir venjulega lýsingu á rannsóknarstofu.

Þegar kadmíumflæði eða flæði blýs og kadmíums er ákvarðað er breitt yfir sýnið þannig að tryggt sé að ekkert ljós komist að yfirborðinu sem á að prófa.

3. Áfylling.*3.1. Sýni sem má fylla.*

Hluturinn er fylltur með 4% (v/v) ediksýrulausn, þó ekki hærra en 1 mm frá yfirfallsmarki og er fjarlægðin mæld frá efri brún sýnisins.

Sýni með slétta eða ofurlítið hallandi brún skal fylla þannig að fjarlægðin frá yfirborði vökvans að yfirfallsmarki sé ekki meiri en 6 mm mæld eftir hallandi brúninni.

3.2. Sýni sem er ekki hægt að fylla.

Sýnisyfirborðið sem er ekki ætlað að komast í snertingu við matvæli er fyrst hulið með viðeigandi hlífðarlagi er þolir áhrif 4% (v/v) ediksýrulausnar. Sýninu er því næst dýft í ílát með þekktu magni af ediksýrulausn, þannig að prófvökvinn hylji fullkomlega yfirborðið sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli.

4. Ákvörðun yfirborðs.

Yfirborð hlutanna í 1. flokki er jafnt bjúgborðinu sem er myndað af óþvinguðu yfirborði vökvans þegar fylgt er kröfunum um áfyllingu í 3. lið hér að ofan.

VIÐAUKI II
Greiningaraðferðir við ákvörðun blý- og kadmíumflæðis.

1. Markmið og gildissvið.

Með aðferðinni er unnt að ákvarða sérstakt flæði blýs og/eða kadmíums.

2. Meginregla.

Sérstakt flæði blýs og/eða kadmíums er ákvarðað með mæliaðferð sem uppfyllir skilyrðin sem koma fram í lið 4.

3. Hvarfefni.

- Öll hvarfefni skulu vera með viðurkenndan greiningarhreinleika nema annað sé tekið fram.
- Þegar talað er um vatn er átt við eimað vatn eða vatn sem er jafnhreint og eimað vatn.

3.1. 4% (v/v) ediksýra í vatnslausn.

40 ml af ediksýru er bætt út í vatn og fyllt upp að 1.000 ml marki.

3.2. Staðallausnir.

Laga skal staðallausnir með 1.000 mg/l af blýi og að minnsta kosti 500 mg/l af kadmíum í 4% ediksýrulausn samkvæmt 3.1.

4. Nothæfisviðmiðanir fyrir mæliaðferð.

4.1. Greiningarmörk fyrir blý og kadmíum skulu vera jöfn eða lægri en:

- 0,1 mg/l fyrir blý,
- 0,01 mg/l fyrir kadmíum.

Greiningarmörkin eru skilgreind sem styrkur efnisins í 4% ediksýru, eins og getið er um í lið 3.1., er gefur frá sér merki jafnt tvöfaldri bakgrunnstruflun tækisins.

4.2. Magngreiningarmörk fyrir blý og kadmíum skulu vera jöfn eða lægri en:

- 0,2 mg/l fyrir blý,
- 0,02 mg/l fyrir kadmíum.

4.3. Endurheimt. Endurheimt fyrir blý og kadmíum í 4% ediksýrulausn, eins og getið er um í lið 3.1., skal vera á bilinu 80-120%.

4.4. Sérhæfni. Mæliaðferð sem notuð er skal vera laus við truflanir frá uppistöðuefnum og róftruflunum.

5. Aðferð.

5.1. Undirbúningur sýnis.

Sýnið verður að vera hreint og laust við fitu eða annað það sem líklegt er að hafi áhrif á prófið.

Sýnið er þvegið í lausn með mildum hreinsilegi við um það bil 40°C hita. Fyrst er það skolað með kranavatni og síðan með eimuðu vatni eða vatni jafnhreinu og það. Loks er látið drjúpa af því og það þurrkað þannig að það verði flekklaust. Ekki má snerta yfirborðið sem á að prófa eftir að það hefur verið hreinsað.

5.2. Ákvörðun blýs og/eða kadmíums.

- Sýnið sem þannig hefur verið undirbúið er síðan prófað í samræmi við skilyrðin í I. viðauka.
- Áður en próflausnin til að ákvarða blý og/eða kadmíum er prófuð skal gera innihald sýnisins einsleitt með viðeigandi aðferð er tryggir að ekkert tapist af lausninni eða sverfist af yfirborðinu sem verið er að prófa.
- Fyrir hverja röð ákvarðana skal framkvæma núllpróf á hvarfefninu sem er notað.
- Blý og/eða kadmíum er ákvarðað samkvæmt viðeigandi skilyrðum.

VIÐAUKI III
Skrifleg yfirlýsing.

Skrifleg yfirlýsing sbr. 4. gr. þessarar reglugerðar skal innihalda eftirfarandi:

1. Heiti eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang framleiðanda fullunnins leirhlutar og innflytjanda með aðsetur á Evrópska efnahagssvæðinu,
2. Vöruheiti leirhlutarins,
3. Dagsetningu yfirlýsingarinnar,
4. Staðfestingu á að leirhluturinn sé í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð og reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli.

Skrifleg yfirlýsing skal vera þannig að auðvelt sé að tengja hana við þá leirhluti sem hún á við. Yfirlýsingin skal endurnýjuð ef breytingar eru gerðar á framleiðslu sem leiða til breytinga á flæði blýs og kadmíums.

B-deild – Útgáfud.: 30. maí 2006